

Alþingi
Erindi nr. P 138/2876
komudagur 30.6.2010

Alþingi
b.t. nefndarsviðs
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 30.06.2010
nr. erindis 201005241 uvi

Efni: Umsögn Alþingi Þskj.77-77. mál. Frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Bæjarráð Mosfellsbæjar 984. fundur haldinn 24. júní 2010 tók til umfjöllunar áðurumbeðna umsögn undirritaðrar. Svohljóðandi bókun var gerð:

Bæjarráð samþykkir umsögnina og felur framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs að senda hana til Alþingis.

Umsögnin er eftirfarandi:

Orlof húsmæðra á sér langa sögu eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, en fyrstu lög um það eru frá árinu 1960. Þegar lög um orlofssjóð húsmæðra voru sett var án efa mikil þörf á því að veita þeim fjölda húsmæðra sem önnuðust börn og bú tækifæri á því að njóta orlofs. Atvinnubáttaka kvenna var þá mun minni en gerist í dag og barnafjöldi á heimilum meiri. Almenn tátu konur minni möguleika á að njóta hvíldar og tilbreytingar, ef þær þjuggu ekki við þeim mun betri félags- og efnahagslegar aðstæður. Félagsþjónusta í sveitarfélögum og málsmeðferð stjórnsýslunnar var vanþróuð á þessum árum. Með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og uppbyggingu á félagsþjónustu sveitarfélaga hafa orðið umtalsverðar breytingar þar á. Aðstæður einstaklinga og fjölskyldna sem leita félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga í dag er í flestum tilfellum metin af félagsráðgjöfum sem eru til þess sérstaklega menntaðir. Þrátt fyrir umtalsverðar breytingar á aðstæðum fólks fyrirfinnst enn hópur einstaklinga sem býr við takmarkaða möguleika á að njóta orlofs, má þar nefna öryrkja með börn á framfæri sem njóta ekki orlofsréttinda.

Hávær umræða hefur verið um óréttláta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Flestir sem til reksturs sveitarfélaga þekkja telja að miðað við skyldur og verkefni sé þeim of nauamt skammtað fé. Í ljósi þessa skýtur skökku við að sveitarfélög á Íslandi séu skylduð til að greiða nefskatt til verkefnis sem augljóslega er barn síns tíma og á ekki lengur við. Svo ekki sé talað um að draga má í efa að ráðstöfun fjárens sé í samræmi við ákvæði laga og að sveitarfélögin hafi ekkert með ráðstöfun þess að gera þrátt fyrir að þeim sé ætlað að veita íbúum sem búa við bágar félagslegar aðstæður þjónustu lögum samkvæmt.

Lagt er til að ekki verði gerð athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs